

## 4. gr.

145

8. júl

Ár hvert, nálægt fardögum, skal stjórnin eiga fund með sjer, skal hún þá athuga vendilega túbætur þær, er gjörðar hafa verið í hreppnum næstliðið ár. Vettir hún síðan einum eða fleiri hreppsþúum verðlaun úr sjóðnum fyrir vel unnar túbætur, er hún telur verðlaunaverðar. Verðlaun mega aldrei minni vera en 50 krónur. Til túbóta telst: túnsljettun. framræsla, girðingar og önnur varsla, bætt hagnýting áburðar, sjerstaklega áburðarhús og safnþær steinflmd eða gjörð úr öðru jafntryggu byggingarefni.

Nú telur stjórnin ekkert það gert hafa verið, síðastliðið ár, er verðlauna sje vert, má þá geyma upphæð þá, er veita mátti til næsta árs, ella skal leggja hana við höfuðstólinn.

## 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og gerir formaður stjórnarnefndarinnar þegar eftir hver árslok reikning sjóðsins, er hann sendir sýslunefnd til athugunar og endurskoðunar ásamt skýrslu um störf sjóðsins umliðið ár.

## 6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðst konunglegrar staðfestingar.

Samkvæmt erfðaskrá Jóhönnu sál Einarsdóttur frá Sandfellshaga 4. júlí 1916, höfum við undirritaðir samið framanskráða skipulagsskrá og undirritað hana.

Húsavík 24. febrúar 1919.

*St. Guðjohnssen. Páll Jóhannesson. Steingrímur Jónsson*

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Kvennfjelds Svalbarðsstrandar«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.** 146

# Skipulagsskrá

**fyrir »Minningarsjóð Kvennfjelds Svalbarðsstrandar«.**

## 1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af »Kvennfjeldi Svalbarðsstrandar« til styrktar fátökum sjúklingum í Svalbarðsstrandarhreppi. Sjóðurinn heitir: »Minningarsjóður Kvennfjelds Svalbarðsstrandar« og er að upphæð 100.00 kr. Sjóðurinn er upphaflega stofnaður af minningargjöfum, og er tilgangur Kvennfjeldsins að auka hann á sama hátt framvegis, en öðrum gjöfum einnig veitt móttaka.

**146**

11. júlí

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skulu allir vextir og gjafir, er sjóðnum innhendast, leggjast við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 1000.00 kr.

2. gr.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 1000.00 krónur skal  $\frac{1}{10}$  af vöxtunum leggjast við höfuðstólinn, en  $\frac{9}{10}$  hlutum skal árlega varið til styrktar fátækum sjúklingum í Svalbarðsstrandarhreppi.

4. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn »Kvennfjélags Svalbarðsstrandar« meðan það starfar. Leysist fjelagið upp, tekur hreppsnefnd við umsjón sjóðsins.

Sjái stjórnin ekki ástæðu til að veita úr sjóðnum árlega, leggur hún vextina í sjóð, sem hún ávaxtar þar til brýnni þörf er fyrir hendi.

Reikningur sjóðsins skal birtur í Stjórnartíðindunum 5. hvert ár, eftir að farið verður að úthluta styrknum.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá

Efridálsstöðum, 26. febrúar 1919.

F. h. »Kvennfjélags Svalbarðsstrandar«.

*Sigríður Þorláksdóttir.*

**147**

11. júlí

**Staðfesting kouungs** á skipulagsskrá fyrir Barnasjóð Svarfdæla, útgefin á venjulegan

hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

# Skipulagsskrá

fyrir Barnasjóð Svarfdæla.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af farskólabörnum í Dalvík og Grund í Svarfaðardal með fjárföfnun þeirra á meðal, er hófst árið 1914. Er hann nú að upphæð 503.02 krónur og geymdur og ávaxtaður í Sparisjóði Svarfdæla.